



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

ENSK3YL05 Yndislestur

Kennari:	Paola Ýr Daziani	Sk.st.	PD
-----------------	------------------	---------------	----

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

Undanfari: Hafa lokið 15 einingum á 2. þrepi eða ENSK2OR05 og ENSK2OL05

Námsefni: Bókalisti hjá kennaranum og í Innu (efni).

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Próf og verkefni
24.-28.jan.	Próf 1
14.-18.feb.	Próf 2
14.-18.mars	Próf 3
4.-8.apríl	Próf 4
2.-6.maí	Próf 5

Öll prófin eru munnleg. Hver nemandi fæ áætlaðan tíma (um 10 mín.) fyrir hvert próf.

Sérreglur áfangans:

- **Það er skylda að taka öll 5 prófin.**
- Listi yfir mætingu í online próf verður í Innu á síðu áfangans undir "Heimavinna og Markmið". Mikilvægt er að fylgjast vel með.
- Nemendur sem eru **löglega afsakaðir** þreyta ólokin próf sem fyrst eða um leið og tækifæri gefst eftir ákvörðun kennara. Nemendum ber skylda til að vera í sambandi við kennara strax ef þeir komast ekki í próf. Svo verða þeir að fylgjast með í Innu til að sjá hvenær þeir eiga að mæta í sjúkrapróf.
- **Nemendur sem sleppa prófi og eru ekki löglega afsakaðir detta sjálfkrafa út úr áfanganum** í síðasta lagi viku eftir að prófið var skráð.
- **Það er nauðsynlegt að tilkynna bóka valið sitt ekki seinna en viku fyrir hvert próftímabil** með því að senda skilaboð í gegnum Innu til að **tryggja sér réttindi til próftöku.**
- Þessar reglur gilda fyrir alla nemendur, líka 20 ára eða eldri.

Fyrirkomulag námsmats:

Hvert próf gildir 20% af lokaeinkunn. Það er ekki lokapróf í þessum áfanga. Reglur um skipulag áfangans eru í Innu undir "Efni".

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
- leggja gagnrýnið mat á texta
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfningu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli